

# Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2011

Í þessari stuttu skýrslu greinir frá nokkrum atriðum, einkum þeim sem talin eru upp í áherslukafla skólasamnings fyrir 2010 – 2012.

**Brautskráðir nemendur.** Alls voru brautskráðir 279 stúdentar á árinu, 194 í maí og 85 í desember.

**Námskrá og sveigjanlegra stúentspróf.** Haldið var áfram vinnu við endurskilgreiningu námsbrauta út frá hugtökunum *grunnur, kjögreinar og val* þar sem grunnur til 140 eininga stúentsprófs er 80 einingar, kjörgreinar 45 ein. og frjálst val 15 ein. Samkvæmt þessari framsetningu eru það kjörgreinarnar sem einkenna einstakar námsbrautir/námsleiðir. Nýlunda er hin svokallaða opna braut þar sem nemanda gefst kostur á að velja sér 3 – 4 námsgreinar inn í kjörgreinahlutann óháð hefðbundnum brautafyrirmundum. Ráðgert er að sækja um viðurkenningu ráðuneytis á nýjum námsbrautum sem fyrst.

**Listdans.** Samhæfing áfanga í listdansi hefur enn aðeins að litlu leyti átt sér stað en listdansskólarnir þrír hafa aðlagð stundatöflur sínar í auknum mæli að töflumynstri MH. Fyrirhugað gæðamat bíður enn og formleg endurnýjum starfssamninga hefur freast. Fjárhagsleg samskipti við skólana voru þó áfram á grundvelli fyrri samninga.

**Öldungadeild.** Í ársbyrjun 2011 var einingagjald nemenda hækkað úr 3500 kr. í 4000 kr. Nemendum fækkaði nokkuð á haustönn frá því sem var skólaárið 2010 – 2011. Nærtækt er að ætla að átakið „Nám er vinnandi vegur“ hafi þar haft einhver áhrif. Haldið hefur verið áfram kennslu með lotufyrirkomulagi þar sem hverri önn er skipt í jafnlangar lotur. Óbreytt samkomulag við kennara. Nemendauppgjör fyrir öldungadeild var án þess hámarks sem sett var 2009.

**Stuðningskerfi.** Í einni kennslustofu skólans hefur smárn saman þróast námsver, undir handleiðslu sérkennara, fyrir þá nemendur sem þurfa á mestri sérkennslu að halda. Annars vegar nemendur sem glíma við fötlun og hins vegar nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Engum formlegum mælikvörðum verið beitt á árangur en vafalaust er að markviss stuðningur fækkar námslegum skipbrotum.

**Málstofur.** Helstu efni sem tekin voru fyrir í málstofum ársins voru sem hér segir: Tæknin – til hvers?, þemavikur, alhliða heilsuefling, stundatafla og tímaskipulag, skólastarf og félagslíf, og læsi.

**Námseiningar.** Á vorönn 2011 voru nemendur skráðir í samtals 21025 einingar, þar af komu 19912 ein. til prófs/lokamats sem er 94,71%. Samsvarandi tölur haustannar voru 21656 og 20673, þ.e. 95,46%. Litið eitt vantaði því upp á að sett markmið (95%) næðist á vorönn. Einhverjar lítilsháttar ófyrirséðar sveiflur virðast vera þessu einingahlutfalli en ekki verður greint neitt sérstakt mynstur. Til dæmis voru tölurnar fyrir 2010 einnig sín hvorum megin við 95% eftir önnum en þá var það haustönnin sem var undir markinu.

**Sérnámsbraut.** Vegna eindreginna tilmæla mennta- og menningarmálaráðuneytisins var á miðju árinu stofnað til sérstakrar námsbrautar fyrir nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu í grunnskóla og þurfa einstaklingsmiðað nám. Fimm nemendur hófu nám á brautinni á haustönn og fer kennslan að miklu leyti kennt í sérdeild en þar sem því verður við komið sækja þeir nám á aðrar brautir í einstökum greinum.

**Fjármál.** Í endurskoðaðri rekstraráætlun (frá aprílþyrjun) var gert ráð fyrir 15,3 millj. kr. rekstrarhalla innan ársins 2011 sem yrði fjármagnaður með því að ganga á uppsafnaðan afganga sem í ársþyrjun nam 61 millj. kr. Gekk sú áætlun eftir þótt veltutölur hafi orðið ívið hærri, einkum vegna launahækkanum sem samið var um í kjarasamningu og kostnaðar við hina nýju sérnámsbraut. Sértekjur drögust lítið eitt saman (um 3 millj.) en á móti tókst að spara enn frekar í eigna og tækjakaupum.

MH, 29. febrúar 2012

Lárus H. Bjarnason